

Norðurþing  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ketilsbraut 7-9  
640 HÚSAVÍK

Garðabær, 15. maí 2023  
Málsnúmer: 202304-0005  
LA

**Efni: Breyting á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 og tillaga að breytingum á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri.**

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings, dags. 4. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 vegna vatnstökuhola á Röndinni og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri.

Breytingar felast í stækkun á skipulagssvæði, framlengingu á hitaveitulögn til norðurs, fjölgun borhola sem fer úr 8 í 24 borholur, aukin vatnstaka á jarðsjó um 650%. Þá er fyrirhugað að byggja 1-4 skýli eða hús fyrir kerjapalla/fiskeldisker, en umfang eða sýnileiki þeirra kemur ekki fram í skipulagslýsingu.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsingu og telur að annars vegar geti aukin sjótaka á landi haft áhrif á náttúrufar svæðisins og að hins vegar geti frárennsli eldisstöðvarinnar haft áhrif á lífríki í fjöru og á grunnsævi, en sá þáttur er ekki nefndur. Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að settir eru skilmálar um að vakta grunnvatnsholur á svæðinu með tilliti til breytinga á grunnvatnsstöðu samhliða aukinni vatnstöku. Jafnframt er mikilvægt, eins og Skipulagsstofnun benti á í álitinu sínu um mat á umhverfisáhrifum, að setja skilyrði í starfsleyfi um reglubundið eftirlit með frárennsli í sjó. Í skipulagslýsingu kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir fari ekki fram á varptíma til að lágmarka áhrif á fuglalíf sem er mikilvægt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Jónsa Asbjörnsdóttir*

Jarðfræðingur  
Svið Náttúruverndar

